

Fundargerð 89. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 22. janúar 2015 kl 11:00 að Stórhöfða 25

Mættir: Guðmundur Ragnarsson, Samúel Ingvason, , Guðmundur Helgi Þórarinsson, Gunnar S. Gunnarsson, Gylfi Ingvarsson Þorsteinn Hjálmarsson, Guðmundur Sigurvínsson og Jón Jóhannsson

Í gegnum fjarfundabúnað: Andrés Bjarnason

Fjarverandi: Sævar Örn Kristjánsson.

Dagskrá :

1. Frágangur á fundargerð stjórnarfundar VM nr. 88. Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Yfirferð yfir verkefni VM og stöðu kjaramála.

- Kjarakönnunin komin og niðurstaðan frekar döpur. Ekkert launaskrið í gangi en meiri vinna hjá mönnunum. Umræður urðu um könnunina, þátttaka var léleg og voru menn á því að það þyrfti að breyta henni þ.e einfalda hana til að fá fleiri til að taka þátt.
- Spenna er að magnast upp varðandi kjarasamningana. SGS leggur fram kröfur á mánudaginn en ekki er enn vitað hvað Flóinn eða VR ætla að gera.
- VM búið að fá tvo fundi með SA, almenni samningurinn og HS-Orka, eigum svo einn fund næsta þriðjudag með OR.
- Óformlegur fundur samninganefndar ASÍ og SA var á síðasta mánudag að ósk SA. SA menn vilja fleytisamning til 6 mán. engin niðurstaða varð á fundinum.
- Iðnaðarsamfélagið fundaði í gærkveldi, formaður fer nánar út í þann fund á eftir.
- Sjóðurinn í Vestmannaeyjum frágenginn og í umsjá VM. Þeir á Reykjanesi stefna á að gefa eina gjöf fyrir vorið og tæma sjóðinn.

3. Verkefni vegna endurnýjunar kjarasamninga.

a) **Framkvæmdarnefnd fyrir vinnudeilusjóð:** Óskað var eftir þremur sjálfboðaliðum til að aðstoða við að móta stefnu fyrir sjóðinn, ekki seinna vænna en að fara að vinna í henni.

b) **Upplýsingar og fjölmiðlamál:** Við erum búin að vera í fjögur ár að undirbúa okkur fyrir komandi kjarasamninga og þurfum nú að vinna að því að koma okkur í umræðuna, útvarp og sjónvarp. Hugmynd kom um að ráða fjölmiðlafulltrúa. Ákveðið var að formaður leitaði eftir manni og kannaði verð. Tillögur verða lagðar fyrir næsta fund.

- c) **Samstarf Iðnaðarmanna:** Formenn Rafís, Matvís, Samiðnar, Félags bókagerðarmanna, Mjólkurfræðingafélags Íslands, Félags hársnyrtisveina og VM hafa verið að hittast og fara yfir stöðuna. Núna er engin samræmd launastefna en er grundvöllur fyrir samstarfi þó svo að hver og einn sé að semja fyrir sig. T.d. væri hægt að samræma verkfallsaðgerðir. Búið er að gera drög að samstarfssamningi en hann er ekki frágenginn.
- 4. Tilkynning um málishöfðun á hendur VM.** Lagt var fram bréf sem barst frá Lausnum Lögmannsstofu en þar er tilkynnt að einstaklingur hafi falið stofunni að höfða mál á hendur VM vegna nafnabreytingar sem samþykktar voru á aðalfundi 2011 á nafni Akks. Lögræðingur félagsins verður látinn sjá alfarið um málið.
- 5. Bókun vegna viðbótar endurmenntunargjalds.** Árið 2014 hækkaði endurmenntunargjaldið um 0,1% og upphaflega vildu ASÍ og SA að þessi hækkun rynni í sjóð vegna endurmenntunar ófaglærðra. Hugmyndin var sem sagt að koma enn einu endurmenntunarbatteríinu á koppinn. Samþykkt var hér í stjórn VM að þessi hækkun væri eign okkar manna en ekki einhverra annarra. Því hefur verið haldið til streitu og við bökkum ekki með það. Fyrirhugað er að opna starfsmenntagátt og það getur vel verið að við verðum með í því, sjáum bara til þegar kemur að þeim tímapunkti.
- 6. Þáttarröð um iðnnám.** Bréf barst vegna hugmyndar um að gera sjónvarpsþætti um iðnnám. Rafís ætlar að vera með í þessu og Samiðn fundar um það á mánudaginn. Ef við gefum vilyrði þá verður það með þeim skilyrðum að ekkert verði greitt fyrir en fullmótuð fjárhagsáætlun liggur fyrir.
- 7. Lagt fram til upplýsinga:**
- I. Fundargerð frá félagsfundum VM jól og áramót 2014/2015
 - II. Þakkarbréf vegna kaupa á aðgerðarþjarki fyrir Landspítalann en VM styrkti það verkefni.
- 8. Önnur mál.**
- Kjarasamningar eru lausir hjá flestum. Allaf kemur upp sama vandamálið þ.e. við höfum engar rauntölur til að fara eftir. Það ætti að setja í kjarasamninga núna kröfu um að endurvekja Þjóhagsstofnun svo framvegis verði til tölur í rauntíma. ASÍ er með sýna eigin hagfræðinga en þeir þurfa líka tölur til að vinna með.
- Rætt var um fagnefnd og verðlagsmál. Erum að fara inn í 5. árið sem sjómenn eru með enga kjarasamninga. Menn sem eru að vinna þessi störf eru ekki til í að fara í verkfall með þessi laun sem þeir eru með, segja að þetta fara bara í fjölmiðla og þar muni þeir ekki fá neina vorkunn. Varðandi fækkun í áhöfn þá er betra að vinna með í því heldur en að láta setja lög og geta ekkert gert. Mest er fækkun hjá hásetum og þeir eru í Sjómannafélaginu. Við erum eina félagið sem er að tala um öryggismönnun. Með því að segja að okkar menn sinni bara vélgæslu þá erum við óbeint að verja hásetana. Svo er það fiskverðið. Því er stýrt og búið að finna leiðir til að draga hækkunarir. Ef við

verðum bara í varnarbaráttu næstu árin vegna verðsins þá er betra fyrir okkur að vera með lausa samninga.

Óskað var eftir að starfsmenn frá VM myndu kíkja um borð við tækifæri í farskipin bara í spjall, svona eins og þeir hjá sjómannafélaginu eru að gera.

Óskað var eftir að haldinn yrði fundur með lífeyrisnefndinni, nefndin þarf að vera meira lifandi.

Hugmynd kom um að þegar verið er að fara í vinnustaðaheimsóknir þá verði reynt að fá yngra fólkið á vinnustaðnum til að koma og starfa fyrir félagið.

Af hverju vinnum við Íslendingar á engum kjarasamningum. Á norðurlöndunum vinna menn ekki ef samningurinn er runninn út. Verðum að setja inn í næstu samninga að við vinnum ekki nema með gildan kjarasamning.

Spurt var hvort það hefði verið rætt hjá ASÍ að breyta vinnulöggjöfinni? Gæti verið hluti af næsta kjarasamningi að skrifa ekki undir nema löggjöfinni verði breytt.

Bent var á að það standi í kjarasamningum að hann sé gildur þangað til annar verði gerður.

Fundi slitið 13:55